



Umsögn velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar v. frumvarps til nýrra heildarlaga um málefni innflytjenda

Akranesi, 12. ágúst 2025

Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar eru hlyntir þeirri breytingu á b- lið 15. gr. laga um félagsþjónustu sem snýr að því að samræma framfærslu (fjárhagsaðstoð) með því að færa hana undir Vinnumálastofnun og þar með einfalda til muna umfang endurgreiðsluferlis sem viðgengist hefur. Áréttað er þó að öll ákvæði er varða endurgreiðslu ríkisins á öðrum kostnaði, s.s. á grundvelli heimildargreiðslna og annars stuðnings af hálfu sveitarfélaganna, verði sett fram með skýrum hætti. Skýrleiki framsetningar í lögum mun verða öllum hagaðilum til hagsbóta.

Í mati á áhrifum lagasetningar koma fram heimildir VMST til skerðinga á framfærslu til þeirra sem ekki sinna aðlögunaráætlun án gildra ástæðna. Við þetta er gerð alvarleg athugasemd, enda leita íbúar almennt til síns sveitarfélags sem hafa skerta framfærslu og sveitarfélögum ber að tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og sínum (sbr. 1. mgr. 12.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

Í framlögðu frumvarpi í samráðsgátt er hvergi vikið að stöðugildum sérfræðinga í þjónustu við erlenda ríkisborgara og hvernig ríkið hyggist tryggja fjármagn til sveitarfélaga svo unnt sé að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu þekkingar og þróunar málaflokksins. Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar leggja megin áherslu á að tryggja áfram stöðugildi í ráðgjafarþjónustu við flóttafólk hjá sveitarfélaginu. Með því eflum við og höldum í þekkingu starfsfólks í málaflokkum og tryggjum nauðsynlega framþróun í þjónustunni. Fram hefur komið á fundum með fulltrúum ráðuneytisins og SÍS að ráðuneytið hafi í hyggju að leggja fjármagn til vegna stöðugilda hjá sveitarfélögunum. Nauðsynlegt er að þær fyrirætlanir verði settar fram með skýrum hætti í löggjöf ráðuneytisins.

Það sem eftir mun standa hjá sveitarfélögunum er afgreiðsla heimildargreiðslna, en eðli þeirra ákvarðanna er matskennt, félagsleg ráðgjöf, húsnæðismál og að hluta til atvinnumál og virkniúrræði. Það er okkar reynsla á Akranesi að húsnæðismálin (leit að hentugu húsnæði, skoða húsnæði, semja um leigugreiðslur, gerð leigusamninga, húsaleiguábyrgð, húsnæðisbætur ofl.) sé einna þyngsta úrvinnslan í þessum málaflokki. Félagsleg ráðgjöf við erlenda ríkisborgara getur varað yfir langan tíma og er nauðsynlegur hluti af aðlögun að íslensku samfélagi. Á Akranesi er mikil áhersla lögð á virkniúrræði sem aðdraganda að launaðri vinnu. Umfangsmikil vinna fer í það hjá félagsráðgjafa að vera í samskiptum við atvinnurekendur á hverju svæði til að kynna fyrir þeim hvað felst í taka einskaklinga inn í virkniúrræði, hvetja þá til þátttöku og ýta undir samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Ef vel tekst til þá fer umfangsmikil vinna í að koma á samskiptum á milli þjónustuþega og fulltrúa atvinnurekanda og aðstoða við aðlögun á vinnustaðnum.

Félagsráðgjafi í ráðgjafadeild hefur einnig, í samstarfi við farsældarþjónustu barna, þróað verkefni á borð við: *Verið velkomin, stuðningur við fjölskyldur á flótta og farsælt*



Akraneskaupstaður

frístundastarf til að stuðla að heildrænni nálgun í stuðningi og inngildingu barnafjölskyldna. Hafa þessi verkefni skilað ómældu virði fyrir fjölskyldur og börn sem og samfélagið í heild.

Að síðustu undirstrikar starfsfólk velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar mikilvægi þess sem að framan greinir um nauðsyn þess að tryggja föst stöðugildi félagsráðgjafa (fagaðila) í samræmdri móttöku flóttafólks hjá sveitarfélögum. Mikilvægt er að tryggja uppbyggingu þekkingar innan málaflokksins, samfelli í þjónustunni og stuðla að inngildingu fjölskyldna sem hingað koma. Þetta er ein megin forsenda þess að auðvelda erlendum ríkisborgurum og fjölskyldum þeirra aðlögun að íslensku samfélagi, tryggja nauðsynlega fræðslu og tengingu við helstu innviði samfélagsins svo farsæld þeirra megi verða sem mest.

Hildigunnur Árnadóttir,
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar